



SKOÐUN Guðmundur Andri Thorsson skrifar um menningu. **13**



TÍMAMÓT Unnur Guðjónsdóttir heiðrar föður sinn á afmælisdaginn sinn. **14**



LÍFID Kings of Leon kemur til landsins á miðvikudaginn í einkapotu. **46**



SPORT Hrafnhildur Lúthersdóttir setti fimm Íslandsmet á HM í sundi. **22**



ENDALAUST TAL OG
10 GB Á 3.990 KR.*

365

Færðu farsímamann yfir til 365 og fáðu frábært sjónvarpsefni á fánánlega góðu verði.

☎ 1817
365.is

*Gildir fyrir áskrifendur í tilbodsþökkum 365

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

10. ágúst 2015
185. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Engir peningar

Lögreglumenn verja frítíma sínum í að fræða fólk um mansal. Ekkert fjármagn fylgir aðgerðaáætlun gegn mansali. **6**



Gerir heimildarmynd Argentínskur maður gerir heimildarmynd um íslenska tónlist eftir að hafa heyrð í Sigur Rós í kvikmynd með Tom Cruise. **2**

Átak gegn ólæsi Menntamálaráðherra vill að nútíu prósent grunnskólabarna geti lesið sér til gagns árið 2018. **2**

Skæruliðaárásir Fjörutíu féllu í árásum skæruliða á Kabúl, höfuðborg Afganistans. Talíbanar hafa lýst yfir ábyrgð sinni á einni árásinni. **8**



2 SÉRBLÖÐ Fasteignir | Fólk



LEITIN SKIPULÖGD Yfir 200 björgunarsveitarmenn af stórum hluta landsins tóku þátt í leitinni, sem fór fram við erfiðar aðstæður. Á þessari mynd má sjá félagi úr Björgunarsveitinni Súlum skipuleggja leit sína.

Einn lést þegar sjóflugvél brotlenti á Tröllaskaga

Einn lést þegar flugvél með tveimur mönnum um borð hrapaði í gær. Vélin tók á loft frá Akureyri og var á leið til Keflavíkur. Rannsóknarnefnd samgönguslysa og lögreglan á Norðurlandi eystra rannsaka tildrög slyssins.

SLYS Einn lést þegar eins hreyfils sjóflugvél með tvo um borð hrapaði í Barkárdal inn af Hörgárdal á Tröllaskaga í gær. Þýrla Landhelgisgæslunnar fann flugvélinna um klukkan hálf ný í gærkvöldi. Viðamikil leit að flugvélinni hafði staðið yfir frá klukkan rúmlega fimm í gær. Hinn maðurinn var fluttur með sjúkraflugi til Reykjavíkur. Flugvélin sem hrapaði tók á loft frá Akureyri klukkan 14.01 í gær.

Fljúga átti sjónflug til Keflavíkurflugvallar en áætluð landing var klukkan 16.20. Samhæfingarstöð ríkislögreglustjóra í Skógarhlíð var ræst út klukkan 17.06. Þá hafði ekkert heyrst frá flugvélinni frá þriðja tímanum í gær. Yfir tvö hundruð björgunarsveitarmenn frá Norður-, Suður- og Vesturlandi stóðu að leitinni auk beggja þýrla Landhelgisgæslunnar. Mest áhersla var lögð á leit

á Tröllaskaga þar sem flugvélin fannst. Auðunn Kristinsson, starfandi framkvæmdastjóri aðgerðasviðs Landhelgisgæslunnar, sagði skyggni á svæðinu hafa verið takmarkað. Þá hafi ekkert neyðarkall borist frá flugvélinni þótt neyðarsendir hafi verið um borð. „Flugvélin er með neyðarsendi sem ætti að fara í gang ef eitthvað kemur fyrir,“ sagði Auðunn.

Hjálmar Björgvinsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá embætti ríkislögreglustjóra, sagði leitaráðstæður á svæðinu hafa verið erfiðar. Ekki var hægt að lenda á slystað og því var sigmaður þýrlunnar látinn síga niður og hífa mennina um borð. Rannsóknarnefnd samgönguslysa og lögreglan á Norðurlandi eystra fara með rannsókn málsins.

Of algengt er að ekki sé gripið til fyrirbyggjandi aðgerðir til að hindra fallslys:

Yfir 200 slösuðust eftir fall úr hæð

SLYS „Fall úr hæð á ekki að gerast ef menn grípa til allra aðgerða,“ segir Kristinn Tómasson, yfirlæknir hjá Vinnueftirlitinu, um fjölda vinnuslysa þar sem fallið er úr hæð. „Við erum ekki að ná þeim árangri sem við viljum sjá í fallslysum,“ segir Kristinn. Á síðasta ári slösuðust 209 manns eftir fall úr hæð og þar af voru 85 einstaklingar ekki komnir til vinnu tveimur vikum eftir slys. „Ef þú kemur ekki til vinnu innan fjórtán daga er slysið ansi alvarlegt,“ segir Kristinn. Fallslysum hefur þó fækkað nokkuð frá því þegar þenkslan í byggingargeiranum var hvað mest. „Árið 2008 vorum við svo



KRISTINN TÓMASSON

hátt uppi að það var hægt að falla víða,“ segir Kristinn. Hann segir að of algengt sé að ekki sé gripið til fyrirbyggjandi aðgerða þegar unnið er í mikilli hæð. „Þegar verið er að þróa uppi á þökum eru menn ekki með girðingar, fallvarnir eða til þrautavara línur til þess að bjarga sér,“ segir Kristinn. Kristinn segir nær öll fallslys vera fyrirbyggjanleg. „Það er það sorglega í þessu,“ segir hann. Kristinn segir að skerpa þurfi

á þessum þáttum í byggingargeiranum. „Við höfum stöðugar áhyggjur af þessu,“ segir Friðrik Á. Ólafsson, forstöðumaður byggingasviðs Samtaka iðnaðarins. Friðrik grunar að stærstur hluti slyssanna verði í styttri og minni verkum þar sem iðnaðarmenn ætli að stytta sér leið. „En upp til hópa held ég að í stærri verkum og stærri fyrirtækjum sé þetta í lagi,“ segir Friðrik. Engu að síður sé miður að ekki hafi tekist að fækka slíkum slysum. „Eitt slys er einu slysi of mikið. Það eru brotalamir í þessu, við vitum það alveg,“ segir Friðrik.

Pinex® Smelt
Munndreifitöflur
250 mg

Actavis

VEÐUR



Á morgun verða vestan 3 til 8 metrar á sekúndu, skýjað að mestu og einhverjir rigningarskúrur munu detta niður hér og þar. Það verður hvassara og meiri rigning nyrst á landinu.

SJÁ SÍÐU 18

Menntamálaráðherra vill að níutíu prósent grunnskólabarna geti lesið sér til gagns árið 2018:

Boðar til þjóðarátaks um bætt læsi barna

MENNTUN Níutíu prósent barna sem ljúka grunnskólanámi árið 2018 eiga að geta lesið sér til gagns. Það er markmið átaksverkefnisins „Þjóðarsáttmáli um læsi“ sem Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra mun hleypa af stokkunum á næstu dögum.

„Við þurfum að gera mun betur, bæði skólarnir og heimilin,“ segir Illugi. Samkvæmt niðurstöðu PISA-prófsins árið 2012 gátu 30 prósent drengja og 12 prósent stúlkna ekki lesið sér til gagns. „Það sem við höfum séð á undanförmum árum og áratug er að læsinu hefur hrakað ár frá ári og við getum ekki sætt okkur við það,“ segir Illugi.

Illugi segir verkefnið í samræmi við Hvítbók um umbætur í menntamálum sem hann lagði fram fyrir rúmu ári. Verkefnið verði unnið í samstarfi við öll sveitarfélögin á landinu. Illugi ætlar að ferðast hringinn í kringum landið í haust til að undirrita samkomulag um átakið við sveitarfélögin.

„Þarna erum við að taka saman höndum um að tryggja það að börnin nái að tileinka sér þennan grundvallarþátt, að börnin geti lesið sér til gagns. Það er erfitt að benda á þau mál sem hafa jafn mikla þýðingu, bæði fyrir einstaklingana og samfélagið allt,“ segir Illugi.



ILLUGI GUNNARSSON Menntamálaráðherra segir að gera þurfi meira til að bæta læsi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



HERSYNING Hermenn marseruðu í takt við vélardröngur skriðdreka á götum Singapúr þegar afmæli ríkisins var fagnað. NORDICPHOTOS/AFP

Héldu upp á fimmtugsafmæli með risavaxinni hersýningu: Singapúrar fagna stórafmælinu

SINGAPÚR Skriðdrekar og önnur hertæki óku um götur Singapúr í gær þegar borgrikið fagnaði fimmtú ára sjálfstæðisafmæli sínu. Singapúr hlaut árið 1965 sjálfstæði frá Malasíu.

Flugeldum var einnig skotið á loft auk þess sem minningarathöfn var haldin til að heiðra Lee Kuan Yew, sjálfstæðisshettu singapúrsku þjóðarinnar. Yfirvöld í Singapúr sögðu Lee hafa breytt Singapúr úr líttilli nýlendu í stórveldi á svæðinu. - þea



KVIKMYNDAGERÐARMAÐUR Leandro hefur lengi unnið á sjónvarpstöðinni Fox í Argentínu. Hann dreymir um að koma heimildarmyndinni sinni um íslenska tónlist á kvikmyndahátíðir um allan heim. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Gerir heimildarmynd um íslenska tónlist

Argentínur maður er kominn hingað til lands til að ljúka við gerð myndar um íslenska tónlist. Hann varð hugfanginn þegar hann heyrði í Sigur Rós í kvikmynd með Tom Cruise. Pungarokkarar á Austurlandi komu honum á óvart.

MENNING „Ég hef ekki þessa tengingu við Björk. Ég veit að hún er mjög hæfileikarík, en ég fæ ekki gæsaþúð,“ segir Leandro Cerro, 27 ára gamall Argentínuramaður, sem er staddur hér á landi til að gera heimildarmynd um íslenska tónlist.

Leandro kom fyrst til Íslands fyrir ári og tók upp efni fyrir heimildarmyndina í fjóra mánuði. Nú er hann kominn aftur til að klára myndina. „Ég fann að ef ég kæmi og tæki bara upp það sem mér dytti í hug þá væri það mjög yfirborðskent. Nú hef ég skýrari sýn. Það er gott að koma aftur og hafa annað sjónarhorn,“ segir Leandro.

Hann segir að þrjú lög Sigur Rósar í spennumyndinni Vanilla Sky, sem skartaði Tom Cruise og Penelope Cruz, hafi kveikt áhugann á íslenskrum tónlist. Í kjölfarið hafi hann farið að hlusta meira á íslenska tónlist og orðið heillaður. „Ég varð að koma og

reyna að skilja af hverju ég finn til svona sterkrar tengingar við tónlistina ykkar.“

Leandro hefur í sumar farið á milli tónlistarhátíða. „Ég byrjaði á Kammerhátíð á Kirkjubæjarklaustri og fékk áfall yfir því hvað hátíðin var lítil. Það voru stundum fleiri á sviðinu en áhorfendur. Mér þótti hátíðin samt mjög fin og umhverfið fallett.“

Næst fór hann á Þjóðlagahátíð á Siglufirði. „Svo fór ég á Eistnaflug í Neskaupstað. Ég var með mjög fyrirfram ákveðnar hugmyndir um þungarokkara og sá þá fyrir mér sem stóra og frekar ógnvekjandi menn,“ segir Leandro. Hátíðin átti þó eftir að koma honum á óvart fyrir að vera friðsæl. „Fyrsta daginn var ég að drekka bjór og borða í tjaldi við hliðina á tónleikastaðnum. Þá kemur risastór náungi að mér sem ég var skíthræddur við. Hann sagði djúpri

röddu: „Þetta er það rómantískasta sem ég hef séð. Þú einn, að borða með kerti fyrir framan þig. Þetta er svo fokking rómantískt.“ Og svo labbaði hann bara í burtu.“

Seinna tók Leandro viðtal við manninn um áhuga hans á Skálmöld. „Metalhausar hafa þetta ógnvekjandi yfirbragð en svo eru þeir mjög hlýir og með stórt hjarta,“ segir hann. Áður en Leandro kom hingað fyrst ákvað hann að taka íslensku-kúrs hjá Fjólu Dögg Hjaltadóttur í höfuðborg Argentínu, Buenos Aires. „Ég bjóst við því að vera einn. En svo voru 24 samlandar mínir mættir til að læra íslensku, og þeir voru allir þarna út af íslenskrum tónlist. Hver einn og einasti.“

Hann segir íslensku erfiða í fyrstu. „En svo þegar þú ert kominn yfir erfiðasta hjallann er hún mjög blátt áfram. Svoltið eins og fólkíð hér.“ snaeros@frettabladid.is

Ágreiningur við Lækjargötu:

Braut rúðu í leigubifreið

LÖGREGLUMÁL Ungur maður braut bílrúðu í leigubifreið við Lækjargötu í miðborg Reykjavíkur aðfaranótt gærdagsins. Maðurinn hafði snöggreiðst þegar fólk tók leigubíl sem hann taldi sig hafa bedið eftir og átt rétt á.

Leigubílstjórinn og maðurinn höfðu ætlað að útkljá málin með handalög málum áður en lögregla mætti á staðinn og skildi deiluaðilana að. Seinna um nóttina var karlmaður handtekinn eftir að hafa ekið ölváður á tvær kyrrstæðar bifreiðar við Skólavörðustíg í Reykjavík. Maðurinn var færður á lögreglustöð. - jõe

Spá hvassviðri á miðvikudag:

Líkur á djúpri lægð í vikunni

NÁTTÚRA Búist er við að óvenju djúp lægð komi upp að landinu með suðaustan átt og rigningu.

„Það er hvassasti vindur sem við höfum séð síðan síðasta vetur,“ segir Teitur Arason, veðurfræðingur á Veðurstofu Íslands. Þessi lægð kann að líta út eins og fyrsta haustlægðin.

Teitur segir hið jákvæða við lægðina sem kunni að koma yfir landið verði að henni fylgi hlýtt loft sem muni ýta kalda loftinu sem hefur verið yfir Austurlandi og Norðurlandi í burtu. Ekki eru frekari lægðir í kortunum. - jnh

GLÆSILEG
**MATAR-
STELL**
KÍKTU Á
ÚRVALIÐ

HÚSGAGNAHÖLLIN

Ný íslensk rannsókn sýnir að ekki eru allir sáttir við lög um vændisstarfsemi:

Meirihluti vill refsast fyrir vændi

RANNSÓKN Íslendingar vilja að sala á vændi sé refsiverð. Þetta sýnir könnun sem unnin var af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands í apríl síðastliðnum.


Mikill kynjamunur er á svörum í könnuninni. 46 prósent kvenna vilja að hægt sé að refsast fyrir sölu á vændi á móti þrjátíu prósentum karla.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna líka kynjamun þegar spurt er um hvort kaup á vændi ættu að varða refsingu. 78 prósent kvenna vilja að kaupin séu refsiverð en aðeins 39 prósent karla eru þeirrar skoðunar.


Íslensk löggjöf í dag miðar við að kaup á vændi séu refsiverð en sala refsilaus. Úrtak könnunarinnar var 1.200 manns, um sextíu prósent svöruðu. - snæ

AFSTAÐA ÍSLENDINGA TIL VÆNDISLÖGGJAFAR

Á að refsast fyrir kaup á vændi?



Á að refsast fyrir sölu á vændi?



SAMSUNG HJÁ NOVA

TILBOÐ!
15.000 kr.
afsláttur

500 MB
eða 1.000 kr.
notkun á mán.
í 3 mán.
fylgir

500 MB
eða 1.000 kr.
notkun á mán.
í 6 mán.
fylgir

250 MB
eða 500 kr.
notkun á mán.
í 3 mán.
fylgir



Samsung Galaxy S5 16GB

69.990 kr. stgr.

4.290 kr. /18 mán.

Samsung Ace 4 4GB

29.490 kr. stgr.

2.690 kr. /12 mán.

Samsung Galaxy S6 32GB

109.990 kr. stgr.

6.690 kr. /18 mán.

64GB 129.990 kr. stgr.

Samsung Galaxy S6 Edge 32GB

134.990 kr. stgr.

8.190 kr. /18 mán.

64GB 154.990 kr. stgr.

Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkort + 325 kr./mán. greiðslugjald. Upplýsingar um ÁHK á Nova.is.

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | Facebook | Twitter

**Stærsti
skemmtistaður
í heimi!**

NOVA

SPURNING DAGSINS



Baldur, er forsetinn ekki nógu hýr?

„Með örgum forseta myndi sannarlega hýrna yfir Bessastöðum.“

Baldur Þórhallsson stjórnmaðlafræðingur sagði frá því í helgarblaði Fréttablaðsins að það væri kominn tími á samkynhneigðan forseta á Íslandi.

Talið er að fjórir kettir hafi drepist í Hveragerði um helgina auk þess sem einn köttur og hundur hafa veikt:

Grunur um að eittrað hafi verið fyrir dýrum

LÖGREGLUMÁL „Ég fór í vinnuna á föstudegi og sé að kötturinn minn er eitthvað skrítinn. Er ég kom heim í lok dags sá ég að hann var í raun fárveikur,“ segir Aðalsteinn Magnússon, íbúi í Hveragerði, en annar katta hans var aflífaður í nótt. „Ég fór með hann til dýralæknis og hann var greindur með lungnabólgu. Svo frétti ég það í gær að það hefði fundist blátt fiskflak hjá húsi beint á móti mér og að fleiri kettir væru lasnir,“ segir Aðalsteinn.

Talið er að minnst fjórir kettir hafi drepist sökum þessa. Einn köttur liggja veikur og sömu sögu er að segja af hundi þar í bæ. Að sögn Aðalsteins er einnig óvenju margir dauðir fuglar í gördum og á götum Hveragerðis í dag.

„Ég veit eiginlega ekki hvað ég á að segja. Ég svo reiður og sár á sama tíma,“ segir Aðalsteinn.

„Það er ekkert vitað hver var að verki eða hvað honum gekk til. Annað hvort er hér í bænum einhver virkilega veikur einstaklingur

sem er að leika sér að því að drepa dýr eða hann hefur dreift þessu á þök til að drepa máva og þaðan hefur þetta dottið á jörðina. Hvort sem það er þá er þetta ekki gáfulegt,“ segir Aðalsteinn.

Frá lögreglunni á Suðurlandi fengust þær upplýsingar að rannsókn málsins væri á frumstigi. Ekki væri víst að eittrað hefði verið fyrir nokkrum dýrum. Lögreglan hefði einungis bláan fiskbita undir höndum sem ætti eftir að efnagreina.



KÖTTURINN PÚTÍN Sviplegt fráfall katta í Hveragerði veldur reiði.



SUND Sigrún synti ein yfir Ermarsundið, fyrst íslenskra kvenna. MYND/SIGRÚN

Synti ein yfir Ermarsundið:

Með munninn fullan af salti

MANNLÍF „Ég á svoltið erfitt með að tala núna þar sem munnurinn á mér allur í salti en ég geri mitt besta,“ segir Sigrún Þuríður Geirsdóttir, en hún varð aðfaranótt sunnudags fyrsta íslenska konan til að synda einsömul yfir Ermarsund. Sundið tók Sigrúnu 23 klukkustundir og 30 mínútur.

Þar til í gær hafði Benedikt Hjartarson verið eini Íslendingurinn til að ná þeim áfanga en það gerði hann árið 2008. Stysta leið yfir sundið er 34 kílómetrar í beinni loftlínu en vegalengdin sem Sigrún synti var sennilega tvöfalt lengri þar sem strauar hafsins báru hana af leið.

Íslensk kona í heróínmáli:

Gæti endað í 20 ára fangelsi

LÖGREGLUMÁL Íslensk kona sem situr í fangelsi í Bretlandi getur búist við allt að 20 ára fangelsi fyrir aðild sína að vörslu á þrettán kílóum að heróíni.

Hún og fjórir Bretar eru einnig ákærð fyrir peningþvætti. Breski vefmiðillinn Liverpool Echo segir að konan heiti Kolbrún Ómarsdóttir. Kolbrún var handtekin í heima-húsi í úthverfi Liverpool þann 7. júlí síðastliðinn Auk þrettán kílóa af heróíni fannst reiðufé að jafnvirði 209 milljóna króna.

Rita hatursáróður á íslenskt spjallborð í skjóli nafnleyndar

Íslendingar skrifa nafnlaus ummæli á spjallborði sem hýst er á erlendri síðu. Hatursáróður gegn konum, hins-egin fólki, múslimum og fleiri hópum er áberandi á síðunni. Óljóst er hvort hægt sé að loka umræddri síðu.

BROT AF PEIM UMMÆLUM SEM FINNA MÁ Á SPJALLBORÐINU

► **Huldumaður** 12/03/14 (Wed) 15:36:56 No.383 >>384 >>385

>>382

Mér er svosem skitsama hvað hún segir um þessa helvítis múslima

Nú er stóra spurningin: Hvað héldu þessar stelpur að myndi gerast?
 -Ég vilja að sofa hjá negra
 -Og ekkert slæmt mun gerast

► **Huldumaður** 02/15/15 (Sun) 18:34:08 No.759 >>760

spöngur:
Hvítir negrar

► **Huldumaður** 04/27/15 (Mon) 17:10:16 No.103

Does Iceland have a nigger trouble?

► **Huldumaður** 04/27/15 (Mon) 21:20:40 No.1040

>>1039 (OP)
We call them poles

► **Huldumaður** 06/09/15 (Tue) 18:57:38 No.1151 >>12

Niggari að komast í kast við löginn?
What a surprise

File (thumb): 1438481194003.jpg (892.8 KB, 1458x1679, 1458x1679, image.jpg)

Heyrnarlaus ungmenni misnotuð kynferðislega

► **Huldumaður** 08/02/15 (Sun) 02:06:33 No.1220 [Watch Thread]

Þögn er sama og samþykki

► **Huldumaður** 01/15/15 (Fri) 19:46:07 No.618 >>619 >>621

>>617

Því þetta eru kristnir jew lovers. Eina fólklið sem ég fyrirhlt meira en juða og sandnegra eru fucking jew lovers.

LÖGREGLUMÁL Íslendingar skrifa ummæli undir nafninu Huldumaður á íslensku spjallborði, hýstu á bandarískri síðu, þar sem hatursáróðri er dreift. Skrifað er um hatur á útlandingum, múslimum, konum, hinsegin fólki, gyðingum, Pólverjum og blökkumönnum svo fátt eitt sé talið.

Síðan er virk enn í dag og skiptust gestir meðal annars á skoðunum um HIV-smiðaða hælisleitandann sem fjallað var um í Fréttablaðinu í júlí. Einn Huldumannanna á spjallborðinu velti til dæmis fyrir sér hugsunarhætti íslenskra kvenna. „Ég ætla að sofa hjá negra og ekkert slæmt mun gerast,“ skrifaði nafnleysinginn.

Einnig virtist íslam spjallborðsgestum hugleikið. Mörg ummæli hvöttu til útrýmingar múslima og vildu margir hverjir láta banna trúna í þjóðaratkvæðagreiðslu. Huldumennirnir svokölluðu deildu einnig fæðingarárums sínum í spjallþræði. Þar kom í ljós að meðalaldurinn er frekar ungur og eru þar margir undir átján ára aldri. Sá yngsti sem lét aldurs síns getið sagðist vera fæddur árið 1999.

Friðrik Smári Björgvinsson, yfirlögregluþjónn á höfuðborgarsvæðinu, segir lögreglu ekki hafa frétt af síðunni áður en Fréttablaðið benti á hana. „Við munum væntanlega kíkja á þetta og hvers eðlis þetta er,“ segir Friðrik.

„Ef það er hægt að rekja ummælin til einstaklinga og færa sönnur á að þetta sé frá þeim og þess eðlis að þau brjóti í bága við lög eru væntanlega einhver úrræði fyrir hendi,“ segir Friðrik. Hann segir enn fremur þurfa að skoða

hvort hægt sé að loka síðunni en ekki er vist hvort það er lagalega framkvæmlegt.

„Það hafa komið upp dæmi um síður og dæmi um erlendar síður þar sem ekki er hægt að rekja ummæli til tiltekinna einstak-

linga. Það er erfitt að eiga við þetta.“

Síðan er ekki fyrsta síðan þar sem Íslendingar dreifa hatursáróðri. Fréttastofa Stöðvar 2 greindi frá því í apríl síðastliðnum að Bandaríkjamadurinn Donald

Pauly héldi úti kynþáttanóssíðunni bardaga.org þar sem tveir ungir drengir, búsettir á Íslandi, eru niddir. Síðan er hýst í Bandaríkjunum. Auk þess greindi DV frá íslenskri hatursáróðurssíðu árið 2012.

thorgnyr@frettabladid.is

Lyfjaauglýsing

Viltu meðhöndla liðverkin án þess að taka töflur?

Prófaðu að meðhöndla liðverkina með Voltaren geli.

Voltaren
11,6 mg/g Gel

150g
50% meira magn!

Inniheldur 11,6 mg af dikklofenakvetyláminu. Ábendingar: Staðbundnir bólgukvillar. Skammtar og lyfjagjöf Fullorðnir og börn 14 ára og eldri: 2-4 g af hlaupi borið á aumt svæði 3-4 sinnum á sólarhring. Mælt er með handþvotti eftir notkun, nema verið sé að meðhöndla hendur. Ef meðhöndla á bráð, minniháttar meiddi í stoðkerfi skal ekki nota Voltaren lengur en 7 daga án samráðs við lækni. Hafið samband við lækinn ef einkenni eru viðvarandi eða versna eftir meðferð í 7 sólarhringa. Frábendingar: Ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna, asetýlsalisýlsýru og öðrum bólgueyðandi gigtarlyfjum (NSAID). Sjúklingar sem hafa fengið astma, ofsakláða eða bráða nefslímubólgu af völdum asetýlsalisýlsýru eða annarra bólgueyðandi gigtarlyfja (NSAID) eiga ekki að nota lyfið. Má ekki nota á síðustu 3 mánuðum meðöngu. Má ekki nota á höndum börnum og unglimum 14 ára og yngri. Sérstök varnarárorð: Má eingöngu bera á hella og heilbrigða húð og alls ekki á slímhúðir, augu, sár, exem, vessandi húðbólgu. Getur valdið húðertingu. Varast skal mikilo sólarljós, notkun samhliða bólgueyðandi lyfjum eða að hylja notkunarsvæðið með loftþéttum umbúðum. Gæta skal sérstakrar varúðar hjá öldruðum eða astma-/ofnæmis-sjúklingum (hefur valdið berkjukrampa). Hættu á meðferð ef útbrot koma fram eftir notkun. Við notkun á stór húðsvæði eykst hættan á altækum aukaverkunum, t.d. á nyru. Við brjóstgjöf eða meðöngu má eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. Getur dregið úr frjósemi en þau áhrif ganga til baka. Lesið leiðbeiningar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfis hafi: Novartis Healthcare A/S. Umboð á Íslandi: Atlasan ehf., Suðurlánda 12a, 210 Garðabæ.

OPIÐ VIRKA DAGA
KL. 11-18



PIPAR \ TBWA - SIA

GÓÐ HÖNNUN FEGRAR HEIMILIÐ

Vönduð hönnun, fagurlega unnin húsgögn og munir eru hlutir sem halda verðgildi áratugum saman. Í Móðern bjóðum við það besta í evrópskri hönnun og leggjum metnað í fallegar útstillingar sem gefa viðskiptavinum okkar hugmyndir og innblástur. Það er mikilvægt að vanda valið og sérfræðingar verslunarinnar eru ávallt til taks með fróðleik og ráðgjöf byggða á vörubekkingu og þrautþjálfuðu auga fyrir samræmi og stíl.

HLÍÐASMÁRA 1 • 201 KÓPAVOGUR • 534 7777 • modern.is

Eclipse borð // Verð frá 34.900 kr.
M-sófi // Verð frá 239.900 kr.
Catifa 80 hægindastóll // Verð frá 214.900 kr.
4240 Octo ljós // Verð 144.900 kr.
Nordic Plain gólfmotta // Verð á m² 74.900 kr.
Arper púðar // Verð 28.900 kr.
Manhattan teppi // Verð 18.900 kr.
Omaggio thermobolli // Verð 3.990 kr.
Botanica vasi // Verð 11.490 kr.

MÓDERN
ÞITT HEIMILI – ÞÍN STUND

VEISTU SVARIÐ?



1. Hversu oft hefur fiskidagurinn mikli verið haldinn?
2. Hvern segir Donald Trump hafa verið skotmark sitt þegar hann kallaði konur feit svín?
3. Hversu marga farþega flutti Icelandair í júlí?

SVÖR
farþega

1. 15 sinnum 2. Rosíe O'Donnell 3. 415.000

Gerðardómur hefur frest til 15. ágúst til að ákveða kjör félagsmanna BHM og hjúkrunarfræðinga:

Ekki fundað sérstaklega án gerðardóms

KJARAMÁL „Við höfum verið að hitta gerðardóm núna reglulega síðustu vikurnar og farið yfir okkar kröfur. Samninganefndin hefur verið á þeim fundum líka,“ segir Ólafur G. Skúlason, formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Hjúkrunarfræðingar felldu í júlí kjarasamning og hefur deilu þeirra verið vísað í gerðardóm. Félagið hefur stefnt ríkinu vegna laga sem sett voru á verkfall þeirra.

„Við höfum ekkert hitt samninganefndina á sérstökum fundum, þetta hefur allt farið í gegnum gerðardóm,“ segir Ólafur.

Gerðardómur hefur samkvæmt lögum vikufrest, til 15. ágúst, til að skila niðurstöðu sinni um kaup og kjör félagsmanna í Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga sem og BHM.

Næsta fyrirtaka í dómsmáli félagsins gegn ríkinu er á fimmtudaginn í næstu viku.

„Við teljum ekki hafa verið

grundvöll fyrir því að banna verkföll hjúkrunarfræðinga og að gerðardómur geti ekki tekið til starfa í okkar tilfalli miðað við orðun laganna,“ segir Ólafur og bætir við að félagið og lögfræðingur þess telji málið ólíkt öðrum verkfallsmálum.

„Verkfallið hafði aðeins staðið í tvær vikur og aðeins fjórtán fundir höfðu samtals farið fram í öllum viðræðunum. Þannig að við teljum að forsendurnar í okkar tilfalli séu öðruvísi en í öðrum sambærilegum málum.“

- fbj



FRAMHALDIÐ ÓLJÓST Félag hjúkrunarfræðinga skrifaði undir kjarasamning í júní sem síðan var hafnað í atkvæðagreiðslu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

DÓMSMÁL

Mál BHM gegn ríkinu flutt

Mál BHM gegn íslenska ríkinu vegna lagasetningar á verkfall BHM verður flutt fyrir Hæstarétti klukkan níu í dag. BHM telur að lögin á verkfallið séu bæði brot á stjórnarskrá og Mannréttindasáttmála Evrópu. Héraðsdómur Reykjavíkur hefur áður komist að þeirri niðurstöðu að íslenska ríkinu hefði verið heimilt að setja umrædd lög.

MENNING

Handverksmaður ársins

Pórdís Jónsdóttir er handverksmaður ársins og verðlaun fyrir sölubás ársins hlýtur Vagg og velta. Árlega velur valnefnd Handverkshátíðar Eyjafjarðar fallegasta sölubás ársins og handverksmann ársins. Valnefnd veitti ein aukaverðlaun í ár, Gleði og bjartsýnisverðlaunin, en þau hlaut Hildur Harðardóttir með sölubásinn Hildur H. List-Hönnun.



BOLUNGARVÍK Umfangsmikil rannsókn á mansali hefur staðið yfir að undanförunu vegna fiskvinnslufyrirtækis sem er starfandi í Bolungarvík. Upphaflega var málið rannsakað sem fjárkúgun.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJTUR

GIRÐINGAR!



Vinnustaðagirðingar
330cm x 200cm.

Steyptar undirstöður
og samtengingar.



Leitið tilboða!



MURBUDIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Kletthálsi 7, Reykjavík
Fuglavík 18, Reykjanesbæ

GRJÓNAGRAUTUR

alveg mätulegur



Nú einnig í litlum umbúðum - fullkominn skammtur fyrir einn

TILBÚINN TIL NEYSLU

Fá ekki peninga til fræðslu um mansal

Lögreglumenn verja frítíma sínum í að fræða fólk um mansal. Ekkert fjármagn fylgir aðgerðaáætlun gegn mansali. Lögreglurannsókn hófst eftir fræðslufund.

LÖGREGLUMÁL Fræðslufundur um mansal á Vestfjörðum varð til þess að formaður verkalýðsfélags í Bolungarvík ákvað að kalla þyrfti til mansalsteymi að sunnan vegna máls sem hafði verið rannsakað sem fjárkúgun í heilt ár.

„Við höfum lært heilmikið af þessu. Ég fór fyrst á námskeið um mansal á formannafundi á Ísafirði og þetta mál kom upp í kjölfarið,“ segir Lárus Benediktsson, formaður Verkalýðs- og sjómannafélags Bolungarvíkur, um meint mansalsmál er varðar fiskvinnslu í Bolungarvík og lögreglan á Vestfjörðum rannsakar.

Lárus fékk, í kjölfar fræðsluendinsins sem var haldið í september fyrir ári, erindi frá Pólverjum sem störfuðu í fiskvinnslu í Bolungarvík. Lögreglan hafði þá rannsakað meinta fjárkúgun verkstjóra í fiskvinnslunni á tuttugu



LÁRUS BENEDIKTSSON

Pólverjum sem þar störfuðu í nærri því eitt ár. Lárus óskaði svo eftir því að kallað yrði til mansalsteymi lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu til að aðstoða við rannsóknina. Hann segir alla þá sem hafa aðkomu að verkalýðsmálum og vinnueftirliti hafi lært af málinu og segir mansalsmál falin, en þau verði að koma upp á yfirborðið. „Því miður þá virðist þetta vera voðalega falið, þetta eru hlutir sem verða að koma upp á yfirborðið og ég hvet alla sem verða varir við eitthvað svona, að gera viðvart og gera eitthvað í þessum málum því það er kominn tími til. Það er of mikið af þessu í samfélaginu, ég

er sannfærður um það og þetta á ekki að líðast.“

Lárus segist trúna því að aðkoma mansalsteymisins hafi komið að gagni. „Samkvæmt skýringum í bréfum þá fannst manni svona eins og að þarna væri eitthvað gruggugt á seyði.“

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu sinnir fræðslu sem þessari í grasrótarstarfi. Fræðslunni fylgir engin fjárveiting. Íslensk stjórnvöld eru gagnrýnd fyrir slaka lög-gæslu þegar kemur að baráttunni gegn mansali í nýlegri skýrslu bandaríska utanríkisráðuneytisins.

Ólöf Nordal innanríkisráðherra sagðist í vetur munu leggja sitt af mörkum til að leita eftir fjármunum til framkvæmdar aðgerða sem miða að því að sporna gegn mansali. Enn bólar ekkert á því fé.

kristjanabjorg@frettabladid.is

Segir konur algjöra morðingja í viðskiptaheiminum og frábæra stjórnendur:

Trump sver af sér túrummæli

BANDARÍKIN Fast var skotið á Donald Trump, sem sækist eftir útnefningu Repúblikanaflokks Bandaríkjanna til forsetaframbóðs, eftir að hann sagði blóð flæða hvaðan sem er út úr Megyn Kelly, sem stýrði kappræðum forsetaframbjóðandaefna repúblikana á fimmtudag.

Carly Fiorina, meðframbjóðandi Trumps, sagði meðal annars að ummælin væru óafsakanleg, óviðeigandi og móðgandi. Hún sagði enn fremur frá reynslu sinni af karlmönnum sem héldu hana óhæfa til að taka ákvarðanir af því að hún gæti verið á tús. Fiorina var áður forstjóri Hewlett Packard.

Trump er ósammála túlkun Fiorina og annarra sem brugðust við. „Ég ætlaði að segja að það blæddi úr nefinu hennar eða eyrum. Það er algengt orðasamband sem er notað um reiði. Aðeins afbrigðilegt fólk myndi segja að ég væri að tala um blæðingar,“ segir Trump. „Mér þykir vænt um konur og ég vil hjálpa þeim.“

„Ég á frábært samband við margar konur í viðskiptaheiminum. Þær eru frábærir stjórnendur, algjörir morðingjar. Þær eru ótrúlegar,“ segir Trump í samtali við bandarísku sjónvarpsstöðina ABC.

- þea



UMDEILDUR Samkvæmt könnun ABC þótti Trump hafa betur í kappræðum þrátt fyrir umdeild ummæli.

NORDICPHOTOS/AFP

LÁNSHÆFT NÁM

GERÐU ÞIG AÐ VERÐMÆTARI STARFSMANNI



FJARKENNSLA
Í BEINNI



LÁNSHÆFT
NÁM

FRAMABRAUT – KERFISSTJÓRNUN

– frá byrjendum til sérfræðinga

- L Krefjandi tveggja anna nám sem nær meðal annars yfir tölvuviðgerðir A+, uppbyggingu og uppsetningu tölvukerfa, Network+, CCNA, MCSA og Exchange. Nemendur þurfa ekki að hafa reynslu eða aðra menntun á sviði upplýsingatækni þegar námið hefst.

ALÞJÓÐLEGAR PRÓFGRÁÐUR

Að námi loknu eiga nemendur möguleika á að óðlast 7 alþjóðlegar prófgráður sem er mikilvægt að hafa þegar sækja á um vinnu í upplýsingatæknigeiranum.

Hefst: **31. ágúst og 1. sept. 2015** • Lýkur: **Júní 2016**
Lengd: **520 std.** • Dag- og kvöldhópar • Verð án prófa: **899.000 kr.**
Verð með 8 alþjóðlegum prófum: **1.099.000 kr.**

NETSTJÓRNUN – CCNA

- L Lögd er áhersla á uppsetningu, rekstur og hönnun netkerfa fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki með Cisco netbúnaði. Ekki er gert ráð fyrir að nemendur hafi þekkingu á netkerfum. Námi lýkur með lokaverkefni og CCNA-prófi frá Cisco.

Hefst: **31. ágúst og 1. sept. 2015** • Lýkur: **20. jan. 2016** • Lengd: **250 std.**
Dag- og kvöldhópar • Verð með 4 alþjóðlegum prófum: **649.000 kr.**

KERFISSTJÓRNUN: MCSA + O365

- L Nám fyrir fólk sem stefnir á starf kerfisstjóra í Windows netþjónaumhverfum. Megináherslan er á Windows Server 2012 R2 stýrikerfið og hvernig þjónusta innan þess er notuð til að uppfylla kröfur sem gerðar eru til nútímatölvukerfa. Að auki er farið í hvernig fyrirtæki geta nýtt sér skjáþjónustu Microsoft í Office 365.

Hefst: **31. ágúst og 1. sept. 2015** • Lýkur: **20. jan. 2016** • Lengd: **250 std.**
Dag- og kvöldhópar • Verð með 4 alþjóðlegum prófum: **649.000 kr.**

PROMENNT • Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550
promennt@promennt.is • promennt.is

Skráning og nánari upplýsingar á promennt.is

NÁMSKYNNING OG RÁÐGJÖF FYRIR TÆKNINÁM

mánudaginn 24. ágúst kl. 17:30.

L LÁNSHÆFT NÁM

NÝTT

Sérstakur samstarfssamningur Promennt og Framtíðarinnar námslána-sjóðs gerir nemendum Promennt á völdum námsbrautum nú mögulegt að sækja um námslán (skólagjöld) og framfærslulán.

FJARKENNSLA

Þessar námsbrautir bjóðast bæði í stað- og fjarnámi. Fjarkennslan okkar fer fram í beinni útsendingu sem þýðir einfaldlega að þú getur tekið þátt í kennslustundinni algjörlega óháð staðsetningu.

FRAMABRAUT – VIÐURKENNDUR BÓKARI

- L Markmiðið er að nemendur óðlist þá hæfni sem þarf til að geta skarað fram úr í bókhaldsvinnu og verði vel undirbúnir fyrir próf til viðurkenningar bókara á vegum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Nemendur læra einnig námstækni í MindManager hugarkortshugbúnaðinum.


Námið skiptist í fjóra hluta: • **Bókhald – grunnur** • **Bókanám fyrir lengra komna** • **Skattskil einstaklinga með rekstur** • **Viðurkenndur bókari.**

Námsbrautin er unnin í samvinnu við Endurmenntun Háskóla Íslands (EHÍ).

Hefst: **7. okt.** • Lýkur: **15. des.** • Lengd: **413 std.** • Morgun- og kvöldhópar
Verð: **529.000 kr.**

PROMENNT

SVONA ERUM VIÐ



66,4 prósent íbúa hér á landi notuðu netið til þess að kaupa eða selja vörur eða þjónustu á árinu 2014. Árið 2012 var þetta hlutfall 55,5 prósent en árið 2010 44,7 prósent.

Heimild: Hagstofa Íslands



RIFINN Mótmælendur rifu kjörseðla á Haftí í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Haftar kusu til þings í gær:

Mótmæltu við þingkosningar

HAFTÍ Haftar kusu til þings í gær. Kosið var bæði til öldungadeildar og fulltrúadeildar þingsins. Þó var einungis kosið um tvo þriðju hluta öldungadeildarsæta. Venjulega er kosið um þriðjung þeirra sæta en þar sem þingkosningar fóru ekki fram í maí 2012 voru kosningarnar tvöfaldar.

Um 1.800 frambjóðendur gáfu kost á sér. Kosið var um 139 sæti en lokatölur lágu ekki fyrir þegar Fréttablaðið fór í prentun. - þea

Fjörutíu féllu í valinn í röð árása skæruliða á Kabúl

Skæruliðar myrtu fjörutíu í höfuðborg Afganistans um helgina. Meirihluti hinna látnu voru almennir borgarar og verðandi lögreglumenn. Talibanar lýstu yfir ábyrgð á einni árás. Talibanar skipuðu nýjan leiðtoga í júlí.

AFGANISTAN Fjörutíu féllu í fjórum sprengjuárásum í Kabúl um helgina, sem fréttastofa Guardian kallar hina blóðugustu í afgönsku höfuðborginni í áraraðir. Flestir þeirra sem létust voru almennir borgarar og verðandi lögreglumenn. Atlantshafsbandalagið staðfesti einnig að einn úr þess röðum hefði fallið.

Fyrsta árásin, og sú mannskæðasta, var sjálfsmorðsárás. Þá sprengdi talibani, klæddur í ein-kennisbúning lögreglu, sig í loft upp fyrir utan höfuðstöðvar lögregluskóla þar sem verðandi lögreglumenn biðu í röð eftir að komast inn.

Nokkrum klukkustundum seinna sprungu tvær sprengjur norðan við alþjóðaflugvöll borgarinnar þegar árásarmenn réðust að herstöð Bandaríkjamanna, Camp Integrity. Einn hermaður lést auk átta almennra borgara og tveggja skæruliða samkvæmt tilkynningu Bandaríkjahers. Látni hermaðurinn er sá fimmti úr röðum Bandaríkjamanna sem fellur í Afganistan á árinu. Í kjölfar árásarinnar hringsóluðu herflugvélar Bandaríkjamanna yfir Kabúl.

Bílsprengja sprakk þar að auki á laugardagsmorgun utan við herstöð Afgana í borginni, nærri miðborg Kabúl. Tuttugu féllu við sprenginguna og nokkur hundruð særðust, misalvarlega. Flestir hinna slösuðu



EYÐILEGGING Tugir létust í Kabúl um helgina eftir röð árása skæruliða á höfuðborg Afganistans. NORDICPHOTOS/AFP

leitðu lækniástoðar vegna glerbrota sem í þeim höfðu lent. „Öll þau tuttugu sem féllu í valinn voru almennir borgarar,“ segir Kabir Amiri, talsmaður sjúkrahúsa í Kabúl.

Hin föllnu bætast í hóp fimm þúsund almennra borgara sem fallið hafa í átökum í Afganistan á þessu ári. Sameinuðu þjóðirnar greindu frá því að sex fyrstu mán-

uðir þessa árs hefðu verið þeir blóðugustu í Afganistan undanfarin ár.

Sameinuðu þjóðirnar segja að breytt aðferðafræði skæruliða liggja að baki meira mannfalli, en nærri tvöfalt fleiri sjálfsmorðsárásir urðu í Kabúl á fyrri helmingi þessa árs en á síðasta hálfu ári á undan.

Talsmaður talibana, Zabiullah Mujahed, lýsti yfir ábyrgð talib-

ana á árásinni á lögreglumennina en tjáði sig ekki um hinar árásirnar þrjár.

Talibanar tilkynntu um skipun nýs leiðtoga þeirra, Akhtars Mansour, eftir að ríkisstjórn Afgana tilkynnti um andlát þess fyrrverandi, Muhammads Omar. Mansour hafði verið aðstoðarmaður Omars undanfarin ár.

thorgnyr@frettabladid.is



Landsvirkjun

Ef þú hleypur 10 kílómetra notarðu jafnmikla orku og þarf til að hafa kveikt á einum ljósastaur í átta klukkustundir

Gagnvirkar orkusýningar Landsvirkjunar í Búrfelli og Kröflu varpa ljósi á orkuna sem býr í öllum hlutum.

Landsvirkjun vinnur rafmagn úr endurnýjanlegum orkugjöfum; vatnsaflí, jarðvarma og vindi.

Líttu við í sumar.

Opíð 10–17 alla daga til 30. ágúst.
Leiðarlýsingar á landsvirkjun.is/heimsoknir



1975 | Bílabúð Benna | 2015

WAA!
PÝSK GÆÐI FRÁ OPEL!

Opel Corsa

Útborgun frá aðeins:

249.000 kr.

Verð frá: **2.490.000 kr.**

Hægt er að velja um fjölbreytt úrval af aukabúnaði.



Ný Corsa

Láttu Opel koma þér á óvart

Corsa var kynntur til sögunnar árið 1982, sló strax í gegn og hefur selst í um 12,3 milljónum eintaka. Það er heilmargt sem kemur á óvart við fimmtu kynslóðina af Corsa. Bíllinn státar af óvenju fullkomnum tækni- og öryggisbúnaði, glæsilegum línunum, sprækum vélum og sparneytni, enda hreppti hann titilinn „Best Buy Car of Europe 2015“ – sem segir í raun allt.

**Bílabúð
Benna**

Sérfræðingar í bílum

Reykjavík
Tangarhöfða 8
590 2000

Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
420 3330

Opið virka daga frá 9 til 18
og laugardaga frá 12 til 16.
Verið velkomin í reynsluakstur.



Bílabúð Benna og Lykill gera þér kleift að eignast nýjan Opel á þægilegan máta. Útborgun er að lágmarki 10% af verði bílsins og Lykill lánar þér afganginn til allt að sjö ára. Þú velur þér nýjan bíl hjá Bílabúð Benna og sölumenn sjá um að ganga frá láninu. Lánshlutfall ræðst af láns hæfis- og/eda greiðslumati hvers umsækjanda og getur hæst orðið 90%. Skylt er að kaskótryggja bifreiðina á lánstímanum.



VINSÆLL Páll Óskar Hjalmtýsson lét sig ekki vanta heldur mætti á glimmerskipi með landnámsdrottningum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

Veldu framúrskarandi heimilistæki frá Bosch.

Gæði í hverju smáatriði



Opið virka daga frá kl. 11 - 18



BOSCH

BÚÐIN

Hlíðasmára 3 • www.bosch.is
Sími 520 3090

Tugþúsundir mættu til fagna ástinni

Tugir þúsunda komu saman í miðbænum á laugardag til þess að fagna fjölbreytileikanum þegar gleðiganga Hinsegin daga fór fram. Í kjölfar göngunnar voru tónleikar á Arnarhóli. Gangan markar hápunkt Hinsegin daga og var mikið um dýrdir.



BIFHJÓL Gleðigangan er meira en bara ganga, en þáttakendur mættu meðal annars á bifhjólum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI



ÁHORFENDUR Mikill fjöldi kom í miðbæ Reykjavíkur til að fylgjast með göngunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ



HART BARIST Þessar ofurhetjur berjast fyrir réttindum hinsegin fólks. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

30% afsláttur
af öllum barnafötum



Peysa
0-8 ára
Áður 2.690 kr
Nú 1.883

**Reykjavík
& Akureyri**

Allt að 30% afsláttur
af púðum



15-60% afsláttur
af rúmfötum
Verð frá 4.790 kr



Hettupeysa
2-8 ára
Áður 5.790 kr
Nú 4.053



30-50% afsláttur
af allri smávöru

ÚTSALAN ER HAFIN

15-60% afsláttur

30% afsláttur
af öllum lökum



15-60% afsláttur
af rúmfötum



30-50% afsláttur
af öllum barnavörum

15-50% af
svuntum og
eldhúsvörum



Hreindýr rúmföt
Stærð 140x200
Áður 13.490 kr
Nú 9.443



Sendum frítt
úr vefverslun
lindesign.is

40% afsláttur
af öllum dúnsængum



100% dúnn
100% bómull

Lin
DESIGN

Hvað á þetta að þýða?

Hvað á þetta að þýða? Þetta er ekki aðeins ójöfnuður og óréttlæti, heldur hættuástand sem hamlar eðlilegri framþróun greinarinnar og það sem meira er, samfélagsins alls – þælið í því. Þetta er þjóðfélagsmein. Þjóðfélag verður aldrei heilt með karlagildi ein í öndvegi.“

Þessi orð og mörg fleiri áhrifarík, sönn og merk orð, sagði Kristín Jóhannesdóttir kvikmyndaleikstjóri af því tilefni að Íslenska kvikmynda- og sjónvarpsakademían veitti henni heiðursverðlaun Eddunnar árið 2013. Kristín var að tala um það sem nú er loksins komið í hárnæli en það er staða kvenna í íslensku kvikmyndalist. Kristín er frumkvöðull í sínu starfi og kona sem átti með sönnu heidurinn skilinn. En hún, eins og svo margar kynsystur hennar, hefði líka átt annað og meira skilið í gegnum tíðina af þeim sem fara með peningavöldin í íslensku kvikmyndagerð. Kristín brýndi líka konurnar í bransanum til þess að bíða þess ekki að þeim yrðu færð tækifæri úr höndum

þessa karllæga samfélags – heldur sækja sér rétt sinn og tækifæri. Kvikmyndalistinni og samfélaginu öllu til heilla. Að gera sitt til þess að gera samfélagið heilt.

Konur í íslensku kvikmyndagerð hafa með sönnu svarað kalli Kristínar og kalli tímans. Kristín hefur ekki heldur ekki látið sitt eftir liggja og vinnur nú að undirbúningi fyrir tókur á nýrri kvikmynd á haustmánuðum. Heilt yfir virðist hlutur kvenna blessunarlega fara vaxandi í íslensku kvikmyndagerð og er það fyrst og fremst að þakka ötulli baráttu og góðu starfi fjölda kvenna innan greinarinnar.

Krafturinn er slíkur að Baltasar Kormákur, einn helsti kvikmyndaframleiðandi og leikstjóri landsins, víðraði fyrir skömmu þá hugmynd að koma á einhvers konar kynjakvóta til þess að tryggja konum aðgengi að fjármagni til kvikmyndagerðar. Illugi Gunnarsson ráðherra er spenntur fyrir hugmyndum Baltasars og það er með sönnu gott að nú er loks farið að huga að því fyrir alvöru að bæta hlut kvenna í íslensku kvikmyndagerð.

Það fylgir því reyndar smá kjánahrollur, svona einhvers konar samfélagslegur kjánahrollur, að umræðan og hugmyndirnar þurfi að koma frá karlmönnum í lykilstöðum í bransanum en það er kannski sama hvaðan gott kemur. Hitt er öllu verra ef rétt reynist; að rétta eigi hlut kvenna með einhvers konar yfirfalli. Að með því að auka við fjármagn í sjóðnum myndist viðbótarfé sem verði svo eyrnamerkt konum í kvikmyndagerð. Það er hætt við því að með því fari þorri peninganna áfram í karllæg verkefni en viðbótin sem fari til kvenna dugi í besta falli til þess að draga úr þeim baráttuprekið. „Hvað á þetta að þýða?“ Mætti nú ímynda sér réttsýna konu segja með þjósti.

Málið er að ef það er til staðar vilji til þess að rétta hlut kvenna í kvikmyndagerð þá þarf að gera það fyrst og fremst að höfðu samráði við konur og vonandi mun ráðherra hafa það í huga. Það hafa nefnilega verið konur sem hafa búið við þetta misrétti og þær eru því að sönnu best til þess fallnar að rétta óréttlætið. Þær eru líka eflaust best til þess fallnar að rétta hlut áhorfenda sem hafa verið sviknir um veruleika íslenskra kvenna í kvikmyndum í gegnum árin.

Nú er því mikilvægt sem aldrei fyrr fyrir konur í íslensku kvikmyndagerð að láta ekki deigan síga, heldur þvert á móti að nýta sér meðbyrinn. Þá er gott að muna lokaorð eldræðu Kristínar Jóhannesdóttur sem áður var vitnað til: „Fram til sigurs!“

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefánía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson andri@365.is, Hrunn Þórsdóttir hrunn@stad2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

TAX FREE

Öll smátæki frá*

Electrolux cloer
DOMO TRISTAR Tefal
BOSCH BRAUN

*Við afnemum virðisaukaskatt af nær öllum vörum í eina viku. Ratha stendur að sjálfsgögu skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs. Verðlækunin er á kostnað Ratha og jafngildir 19,35% afsl..

Ratha

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500 www.ratha.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Enginn einræðisherra

Áhugamenn um þjóðfélagsmál eru farnir að sýna forsetakosningunum næsta vor mikinn áhuga. Ákveðinn fjöldi hóps hefur engan áhuga á því að sjá Ólaf Ragnar Grímsson bjóða sig fram í sjötta skipti. Hinir sömu benda á að Ólafur hafi í vor setið í 20 ár á forsetastóli. Í lýðræðisríkjum hafi enginn forseti setið jafn lengi og er Ólafur af þessum ástæðum oft líkt við mestu einræðisherra samtímans. Þeir hinir sömu virðast gleyma því að á þeim tuttugu árum sem Ólafur hefur setið í embætti hefur hann þrisvar hlotið kosningu meirihluta þjóðarinnar í lýðræðislegum og sanngjörnum kosningum. Og jafnan unnið með miklum yfirburðum. Samanburðurinn við einræðisherrana er því mjög skriftinn.

Sterk staða eftir 20 ár

Forseti Íslands er eini einstaklingurinn í stjórnskipaninni sem er kosinn lýðræðislegri kosningu. Nú, eftir 20 ára setu í embætti, hafa í kringum tíu prósent kjósenda lýst yfir í skoðanakönnunum stuðningi við Ólaf Ragnar í embætti næstu fjögur árin. Alla jafna er einungis einn maður, Jón Gnarr, nefndur oftari í slíkum könnunum. Ætli lýðræðinu yrði ekki best þjónað ef fleiri en færri fram-bærilegir menn gæfu kost á sér. Og kjósendur ættu því val.

Á höttunum eftir peningum

Starfsmenn í fjármálaráðu-



neytinu vinna nú hörðum höndum að því að koma saman fjárlagafrumvarpi fyrir næsta ári. Samkvæmt þingsköpum verður frumvarpið svo kynnt opinberlega annan þriðjudag í september. Þetta vita forstöðumenn ríkisstofnana og þess vegna láta þeir ekkert tækifæri ónotað til krefjast meiri peninga úr vösum skattgreiðenda. Líkt og Ari Matthías-son þjóðleikstjóri sem fékk rúman tíma í þættinum Sprengjusandi á Bylgjunni í gær til að lýsa öllu því sem leikhúsið vanhagaði um. Og það má Ari eiga að hann víðurkenni það bara um-búðalaust að hann talaði beint til þeirra sem ábyrgð bera á fjárlögnum. jonhakon@frettabladid.is

HALLDÓR



Á flóttu undan staðreyndum

SAMFÉLAG



Ragnar Þorvarðarson varaformaður Rauða Krossins í Reykjavík

„Vilt þú að Ísland taki á móti 50 flóttamönnum á næstu tveimur árum?“ Rúmlega 85% þátttakenda í skoðanakönnun Útvarps Sögu í júlí svöruðu spurningunni neitandi. Könnunin var framkvæmd í kjölfarið á tilkynningu íslenskra stjórnvalda um móttöku 50 flóttamanna næsta árið sem er liður í samvinnuverkefni nokkurra Evrópuþjóða um móttöku flóttafólks. Flóttamannanevnd sér um undirbúninginn hér á landi í samráði við sveitarfélög og Rauða krossinn. Í umfjöllun Fréttablaðsins fyrr í sumar kom fram að fjöldi kvótaflóttamanna sem Ísland mun taka við á næstu tveimur árum verði þannig hlutfallslega svipaður og skuldbindingar Þýskalands og Frakklands á sama tímabili. Á vef velferðarráðuneytisins kemur fram að frá árinu 1956 til dagsins í dag hafi komið hingað til lands 511 flóttamenn.

Bara á þessu ári hafa yfir tvö þúsund einstaklingar látið á flóttu yfir Miðjarðarhafið samkvæmt tölum frá Alþjóða fólksflutningastofnuninni (IOM). Frá Bretlandi bárust í vikunni fréttir um ítrekaðar tilraunir örvæntingarfullra flóttamanna til að komast til landsins í gegnum Ermar-sundsgöngin. Umræðan og umfjöllun um málefni hælisleitenda og flóttamanna innan Evrópu byggir því miður ekki alltaf á staðreyndum. Dálkahöfundur Guardian fjallaði

→ Með samskiptum og upplýstri umræðu má draga úr þeim ótta sem stafar af hinu óþekkta.

á föstudag um málið og vitnar í tölur frá Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna sem staðfesta að 86% af öllum flóttamönnum eru í dag staðsettir í minna þróuðum löndum heimsins, en Tyrkland hýsir þar flesta eða um 1,6 milljón manns.

Með samskiptum og upplýstri umræðu má draga úr þeim ótta sem stafar af hinu óþekkta. Martin Patzelt, þingmaður Kristilegra demókrata í Þýskalandi, ákvað fyrir rúnum mánuði að bjóða tveimur flóttamönnum frá Eritreu að búa heima hjá sér. Í viðtali við breska ríkisútvarpið sagðist hann þannig vilja tryggja flóttafólki bæði andlit og nafn, sem dragi úr klofningi, fjandskap og ótta meðal almennings. Hann hvatti fólk til að ræða málefni flóttafólks af opnum hug. Hér á landi þurfum við að varast að umræðan færist í ófgafullan farveg sem byggir á ósönnum staðhæfingum og upphrópunum. Tökum heldur vel á móti þeim flóttamönnum sem hingað koma til landsins og styðjum við bakið á fólki sem hefur þurft að flýja heimkynni sín vegna stríðs eða ofsókna af ýmsu tagi.

Fjölmennning og fámennning

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur



Þau sem andvíg eru fjölmenningu eru þá væntanlega fylgjandi fámenningu. Hvað er það? Fámennning er menning þar sem hver dregur dóm af öðrum, fólk er almennt á einu máli um flesta hluti en rífst um tittlingaskít. Það aðhyllist ríkjandi viðhorf, það er að segja þau sjónarmið sem „alltaf“ hafa verið ráðandi, hugsun sem enginn man hvernig upphaflega kom til eða í hvaða kolli kviknaði. Í fámenningu klæðir fólk sig almennt eins, það talar eins, það notar hendurnar á svipaðan máta, það segir svipaðar sögur og það upplifir svipaða hluti. Það trúir á sömu guði, aðhyllist sömu helgisiði, borðar svipaðan mat. Það hefur tilhneigingu til að segja: „Við erum nú vön að hafa það svona hérna.“

Í fámenningsamfélagi eru nýjungar litnar hornauga, hvort sem það er nýtt krydd, ný dansspor eða framandleg orð af erlendum stofni.

Forvitni er bundin við einkahagi náungans og hugsanlega

lesti: hver sefur hjá hverjum, hver heldur framhjá hverjum, hver datt í það og hvernig, hvar og hvenær. Í fámenningu kunnum við hvert annað meira og minna utan að.

Í fámenningsamfélagi erum við úti í glugga bak við gardínu og fylgjumst með því hvort náunginn víki af þröngum vegi dyggðarinnar. Í fjölmenningsamfélagi opnum við alla glugga upp á gátt og hleypum inn loftinu.

Ávextir íslenskrar fjölmennningar

Íslenskt samfélag hefur ýmist einkennt af fámenningu eða fjölmenningu. Hér var vissulega mikil einangrun um aldir en þó er íslenskt samfélag í grunninn og að stofni til fjölmenningsamfélag innflytjenda úr ólíkum áttum sem blönduðust saman með ýmsum hætti. Í Landnámu er einkum mænt á landnámi tiltekinnra norskra höfðingja til að renna stoðum undir eignarhald og tilkall vissra ætta til landa og valds; þar er mógurinn nafnlaus, fjöldinn sem við erum flest komin af, fólk úr ýmsum áttum eins og genarannsóknir hafa leitt í ljós, og var margt af því þrælur.

Sumar aldir var mikil verslun og umferð útlendinga hér við land – Þjóðverja og Englendinga til að mynda – en með svokölluðum Piningsdómi undir lok fimmtándu aldar tókst íslenskum stórbænd-

